

Gull-Póris saga

Gull-Póris saga

1. kafli

Hallsteinn son Þórólfs Mostrarskeggja nam allan Þorskafjörð fyrir vestan og bjó á Hallsteinsnesi. Hann átti Ósku dóttur Þorsteins rauðs. Börn þeirra voru þau Þorsteinn surtur, Þórarinn og Þuríður. Grímkell hét frilluson hans er bjó á Grímkelsstöðum út frá Gröf. Þessir menn fóru til Íslands með Hallsteini. Hrómundur er síðan bjó í Gröf, Valgerður hét kona hans en Þorsteinn son. Eyjólfur hinn auðgi kom til Íslands með Hrómundi og bjó í Múla í Þorskafirði, Hallgerður hét kona hans en Valgerður dóttir, hún var fríð kona. Þorgeir hét maður er bjó í Þorgeirdal. Þessir voru allir vinir Hallsteins.

Böðmóður í Skut var víkingur mikill og óeirinn mjög. Hann var son Þorbjarnar loka Eysteinssonar Grímkelssonar Önundarsonar fylsennis. Þeir voru synir Böðmóðs Þorbjörn loki er nam allan Djúpafjörð og Grónes og Vígbjóður faðir Steins mjögsiglanda er Hítællir og Skógnesingar eru frá komnir. Með Þorbirni loka komu út Styrkár er hann gaf land í Barmi til móts við Hallstein. Dóttir Styrkárs hét Kerling og heldur margkunnig. Helgi hét bróðir Styrkárs er land keypti að Hjöllum í Þorskafirði. Hans synir voru þeir Þórarinn ákafi og Þrándur hinn mikli. Helgi var virðingamaður og þó ekki dæll við alþýðu. Þorgils hét son Þorbjarnar loka. Hann bjó á Þorgilsstöðum í Djúpafirði. Þeir feðgar voru miklir fyrir sér og ættstórir.

Úlfur hinn skjálgi son Högna hins hvíta nam Reykjanes allt milli Þorskafjarðar og Hafrafells. Hann bjó á Miðjanesi. Hans synir voru þeir Jörundur og Atli hinn rauði. Með Úlfi kom út sá maður er Hallur hét, ættstór og mikilhæfur. Hann bjó á Hofstöðum við Þorskafjörð og reisti þar hof mikið því að Úlfur var engi blótmaður. Hallur var mikill höfðingi og hnigu því margir til hans. Rauður hét son hans og bjó í Rauðsdal milli Hofstaða og Berufjarðar. Annar hét Hyrningur, sá var yngri.

Þuríður drikkinn bjó á Kinnarstöðum og átti land inn til Músarár. Hún var mörgu slegin og gerði manna mun mikinn. Synir hennar voru þeir Þorsteinn og Þórhallur, efnilegir menn.

Bera hét ekkja er bjó í Berufirði. Hún átti þrjá sonu. Björn var elstur.

Þórarinn krókur nam allan Króksfjörð meðal Hafrafells og Króksfjarðarmúla. Með honum komu út suðureyskir menn. Gilli er bjó á Gillastöðum, göfugur maður. Ketilbjörn hét son hans, hinn vænlegasti maður. Að Hafrafelli bjó Hólmgöngu-Kýlan en Naður bjó í Naðurdal. Ásmundur hét hans son. Hallvarður hrísi bjó á Hríshvoli. Már hét son hans.

Oddur skrauti hét maður er út kom vestur í Vaðli. Hann var son Hlöðvers konungs af Gautlandi og Veru hinnar þungu Guðbrandsdóttur af Járnberalandi. Oddur kaupir lendur í Þorskafjarðarskógum að Þuríði drikkinni og bjó að Uppsölum. Hann fékk Valgerðar dóttur Eyjólfis í Múla. Þeirra son var Þórir, manna mestur og fríðastur sýnum. Grímur hét son hans hinn eldri en Þórir hinn yngri. Gísl nef nam Gilsfjörð og bjó að Kleifum. Hann átti ... synir voru þeir Héðinn í Garpsdal og Herfinnur í Múla. Dætur hans voru þær Hallgríma og Þorbjörg knarrarbringa og Ingibjörg.

Ólafur belgur bjó í Ólafsdal er Ormur mjóvi rak úr Ólafsvík en Sleitu-Björn úr Belgsdal. Hans synir voru þeir Þorgeir og Jósteinn, Þorvaldur.

Steinólfur hét maður og var kallaður lági. Hann var son Hrólfs hersis af Ögðum. Hann nam land milli Grjótvallarmúla og Klofasteina og bjó á Steinólshjalla í Fagradal. Hann átti Eirnýju Þiðrandadóttur. Steinn og Helgi voru synir þeirra en Arndís dóttir og Þuríður er Sleitu-Björn átti. Knútur og Þjóðrekur voru synir þeirra.

Steinólfur var rausnarmaður mikill í búi og hafði fjölmennt. En er honum þótti þrönglent fyrir sunnan fjörðinn nam hann Steinólfsdal í Króksfirði og gerði bú í Bæ. Hann skipaði dalinn vinum sínum. Grímur frændi hans bjó á Völlum. Hergísl hét son hans. Heimlaug völvu bjó á Völvustöðum í Kambsheiði. En Steinólfur bægði henni og var hún fyrir því óvin hans. Þórarinn krókur taldi sér dalinn er Steinólfur hafði skipað og kallaði hann það sitt landnám því að svo var og gerðist af því fjandskapur með þeim Steinólfi svo að þeir drápust þar fyrir.

Vaði hét maður. Hann var skáld gott. Hann var frændi Odds og kom út með honum. Hann bjó á Skáldsstöðum í Berufirði. Óttar og Æsa voru börn hans og voru bæði mannvænleg.

2. kafli

Þá er þessir hinir ungu menn óxu upp er nú voru nefndir lögðu þeir leika með sér á Berufjarðarísi og var með þeim fóstbræðralag mikið. Þórir Oddsson var sterkastur jafn gamall og allar íþróttir hafði hann umfram sína jafnaldra. Ketilbjörn gekk næst honum um allan vaskleik. Þeir tóku fiska úr vatninu og báru í læk þann er þar er nær og fæddust þeir þar. Sá heitir nú Alifiskalækur. Þar varð í veiður mikil og taldi Hof-Hallur sér veiðina. En Þuríður drikkin taldi sér og sínu landi og frelsti hún sveinunum.

En um veturinn léku þeir knattleika á Þorskafjarðarísi og komu þar til synir Hallsteins og Djúpfirðingar, Þorsteinn úr Gröf og Hjallasveinar. Þeir fyrir sunnan Þorskafjörð gerðu Þóri að fyrirmanni fyrir örleiks sakir og allrar atgervi. En vestanmenn vildu ekki það og ýfðust við honum allir nema Hallsteinssynir.

Skip kom út um sumarið í Breiðafirði á Dögurðarnesi og hét Bárður stýrimaður, frændi Odds og félagi þá er þeir höfðu í hernaði verið. Bárður sendi til Odds og fluttist síðan til Þorskafjarðar við fimmtánda mann. Fimm voru íslenskir menn með honum og réðust þeir í brott til héraða sinna. En Bárður vill tvívegis fara og beiddi Odd manna svo að hann væri fær. Þar réðst til Þórir og þeir níu fóstbræður og svörðust allir í fóstbræðralag. Skyldi hver þeirra annars hefna. Þeir skyldu saman eiga fengið fé og ófengið það er þeir fengu jafnt og til ynnu, og var Þórir fyrirmaður þeirra, þá Ketilbjörn, Þórhallur og Þorsteinn Drikkinnarsynir, Hyrningur Hallsson, Björn Beruson, Ásmundur Naðursson, Mór Hallvarðsson, Óttar Skáldsson. Þessir réðust til skips með Bárði og urðu vel reiðfara, tóku Þrándheim.

Þá réð Haraldur konungur hárfagri fyrir Noreg. Við honum var Sigmundur Hlöðversson föðurbróðir Þóris. Hann fundu þeir og beiddu hann tillaga því að þeir höfðu eigi meira fé en til skotsilfurs um jól fram. Sigmundur latti þá að vera með konungi "og er þar illt félausum mönnum."

Hann sendi þá norður á Hálogaland til Úlfs vinar síns og sagði þar gott fjár að afla í skreiðfiski. Sigmundur fékk þeim róðrarferju og Rekkal skósvein sinn til fylgdar og tvo leiðsögumenn aðra, Þránd lang og Hróa hinn digra, bræður hans. Þeir komu um haustið norður á Þrándarnes til Úlfs og tók hann vel við þeim fyrir orðsending Sigmundar en kvað þó undarlegt þykja að Sigmundur sendi Þóri frænda sinn til slíkra féfanga og kvað sér svo á hann lítast sem hann mundi eigi fiskimaður verða og meiri þroski mundi fyrir honum liggja ef hann héldi lífi "en það er líkast að gifta fylgi ráði Sigmundar ef til er gætt."

3. kafli

Það var einn dag er þeir félagar reru á fiski og komu síð að landi. Úlfur gekk í móti þeim og er þeir höfðu búið um skip sitt sá Þórir hvar eldur var nær sem lýsti af tungli og brá yfir blám loga. Þórir spurði hvað lýsu það væri.

Úlfur segir: "Ekki skuluð þér það forvitnast því að það er ekki af manna völdum."

Þórir svarar: "Því mun eg þó eigi vita mega þótt tröll ráði fyrir?"

Úlfur kvað það vera haugaeld. Þá grófst Þórir eftir.

En Úlfur segir að lyktum og mælti: "Agnar hét berserkur son Reginmóðs hins illa. Hann lét gera haug þenna og gekk þar í með skipshöfn sína alla og mikið fé annað. Hann ver hauginn með tröllskap síðan svo að engi má nær koma en margir eru dauðir er til hafa komið að brjóta eða ella hafa þeim orðið önnur skyrsi og eigi vitum vér hvort hann tryllist dauður eða kvikur."

Þórir mælti: "Vel er nú mælt og það er nú drengilegra að afla þar fjár en róa til fiska og þar skal til hætta."

Úlfur latti hann mjög og allir félagar Þóris og kvað Úlfur ei hlýða mundu að farið væri. Þórir kveðst eigi að síður fara mundu. Svo er sagt að Ketilbjörn einn vildi fara með Þóri og bar engi annar áræði til hans félaga. Þeir áttu að fara í fjallshlíð nokkura til haugsins og er þeir komu upp í hlíðina laust í móti þeim svo miklu fárviðri að hvorgi mátti upp standa. Þeir höfðu milli sín eitt snæri og gekk Þórir fyrir meðan hann mátti. En um síðir tók upp hvorntveggja og kastaði ofan fyrir hlíðina og nú festir snærið um stein einn mikinn en þeir voru ákafa móðir og lágu þar til þess er svefn féll á þá.

Þá dreymdi Þóri að maður kom að honum mikill í rauðum kyrtli og hafði hjálm á höfði og sverð búið í hendi. Hann hafði um sig digurt belti og þar á góðan hníf og glófa á höndum. Var þessi maður mikilúðlegur og virðulegur.

Hann mælti reiðulega til Þóris og stakk á honum döggskónum og bað hann vaka og mælti: "Ills manns efni ertu er þú vilt ræna frændur þína, en eg vil," sagði hinn komni maður, "gera til þín verðleikum betur því að eg er bróðir föður þíns og sammæður við hann. Eg vil gefa þér gjafir til þess að þú hverfir aftur og leitir annarra féfanga. Þú skalt þiggja að mér kyrtli góðan, þann er þér mun hlífa við eldi og vopnum, og þar með hjálm og sverð. Eg skal og gefa þér glófa þá er þú munt enga fá slíka því að liði þínu mun óklaksárt verða ef þú strýkur þeim með. Þessa glófa skaltu á höndum hafa þá er þú bindur sár manna og mun skjótt verk úr taka. Hníf og belti læt eg hér eftir og það skaltu jafnan á þér hafa. Eg mun og gefa þér tuttugu merkur gulls og tuttugu merkur silfurs."

Þórir þóttist svara að honum þótti þetta of lítið af svo nánnum frænda og férikum og lést eigi aftur munu hverfa við litla fémútu.

"Vissi eg ei," segir Þórir, "að tröll væri mér svo nær í ætt áður þú sagðir mér. En engrar eirðar ættir þú af mér von ef ei væri frændsemi með okkur."

Agnar segir: "Seint munu þín augu fyllt verða á fénu og því máttu vorkynna mér," sagði Agnar, "að mér þyki féð gott því að þú munt ærið mjög elska féð áður lýkur."

Þórir segir: "Ekki hirði eg um illspár þínar. En þiggja vil eg að þú vísir mér til meiri févonar ef þú vilt þitt fé undan þiggja."

"Heldur vil eg það," segir Agnar, "en deila illdeildum við þig. Valur hét víkingur er átti gull mikið. Hann bar féið undir helli einn norður við Dumbshaf og lagðist á síðan og synir hans með honum og urðu allir að flugdrekum. Þeir hafa hjálma á höfðum og sverð undir bæglum. Nú er hér kálkur er þú skalt drekka af tvo drykki en förunautur þinn einn drykk en þá verður eftir það sem má."

Síðan vaknar Þórir og voru þessir hlutir allir þar í hjá honum er Agnar gaf honum. Ketilbjörn vaknar og hafði heyrt allt þeirra viðurmæli og svo séð hvar Agnar fór. Hann bað Þóri taka þenna kost. Eftir það tók Þórir kálkinn og drakk af tvo drykki en Ketilbjörn einn. Þá var enn eftir í kálkinum. Þórir setti þá á munn sér og drakk af allt.

Nú féll á þá svefn. Agnar kom þá enn og ávitaði Þóri er hann hafði allt úr drukkið kálkinum og kvað hann þess drykkjar gjalda mundu hinn síðara hlut ævi sinnar. Agnar segir þeim fyrir marga hluti þá er fram komu síðar og lagði ráð til með Þóri hversu hann skyldi vinna hellinn Vals víkings.

4. kafli

Eftir það vitkuðust þeir og vakna, fóru heim síðan. Þeir sögðu Úlfi hvað fyrir þá hafði borið og báðu hann vísa sér til hellis Vals. Úlfur latti þá þeirrar ferðar og bauð þeim fé til að þeir færu eigi og segir engan aftur hafa komið, þann er farið hafði, en kvað illt þykja að þeir menn týndust er Sigmundur vin hans hafði sent honum.

En Þórir vill fara fyrir hvern mun. Og litlu síðar ráðast þeir félagar til ferðar og fara norður fyrir Finnmörk þar til er þeir koma norður fyrir Blesaverg. Svo heitir fjallið það er hellir Vals var í en það er norður við Dumbshaf. Þar fellur á mikil í gljúfrunum fram af bergi og allt út í sjó. Þórir kenndi þá að þeir voru þar komnir sem honum var til vísað. Þeir fóru á bergið og höfðu þann umbúnað er Agnar hafði kennt þeim, hjuggu upp tré mikið og færðu limarnar fram af berginu og báru grjót á rótina. Síðan tóku þeir kaðal og festu við limarnar. Þá bauð Þórir sínum förunautum að fara og hafa fé það er fengi. En engi þeirra bar traust til að ná hellinum þótt engi væri önnur hætta en sú og báðu þeir hann frá hverfa.

Þórir segir: "Ekki mun nú það verða. Er það líkast að eg hætti á og hafi eg fé skuldlaust slíkt er fæst."

Þeir létust eigi mundu til fjár kalla og sögðu hann ærið til vinna ef hann næði. Þeir fundu að Þórir var allur maður annar en hann hafði verið. Þórir fór af klæðum sínum og gerði sig léttbúinn. Hann fór í kyrtil Agnarshaut og tók glófana, beltið og hnífinn og línu mjóva er Agnar fékk honum. Hann hafði snærisspjót er faðir hans gaf honum. Gekk hann svo fram á tréið. Þá skaut hann spjótinu yfir ána og festi það öðrumegin árinna í viðinum. Eftir það fór hann í festina og lét línuna draga sig af berginu undir fossinn.

Og er Ketilbjörn sá það lést hann fara vilja með Þóri og kvað eitt skyldu yfir þá ganga. Fer hann þá ofan með strenginum. Þórhallur Kinnarson kveðst og fara vilja en Þrándur langi kvað Sigmund eigi það spyrja skulu að hann þyrði eigi að fylgja þeim er hann hafði þó heitið sinni liðveislu. Þórir var nú kominn í hellinn og dró þá til sín hvern er ofan kom.

Bergsnös nokkur gekk fram við sjóinn allt fyrir fossinn og fóru þeir Björn Beruson og Hyrningur þar á fram og þaðan upp undir fossinn. Þeir höfðu þar tjald hjá snösinni því að eigi mátti nær vera fossinum fyrir skjálfta og vatnfalli og regni.

Þeir Þórir tendruðu ljós í hellinum og gengu þar til er vindi laust í móti þeim og slokknuðu þá login. Þá hét Þórir á Agnar til liðs og þegar kom elding mikil frá hellisdyrunum og gengu þá um stund við það ljós þar til er þeir heyrðu blástur til drekana. En jafnskjótt sem eldingin kom yfir drekana þá sofna þeir allir. En þá skorti eigi ljós er lýsti af gulli því er þeir lágu á. Þeir sáu hvar sverð voru og komu upp hjá þeim meðalkaflarnir. Þeir Þórir þrifu þá skjótt til sverðanna og síðan hlupu þeir yfir drekana og lögðu undir bægsli þeim og svo til hjartans. Þórir fékk tekið hjálminn af hinum mesta drekanum. Og í þessi svipan þrífur hinn mesti drekinn Þrándur lang og fló með hann út úr hellinum og þegar hver að öðrum og hraut eldur af munni þeim með miklu eitri.

Nú sáu þeir er úti voru að glæddi úr fossinum. Þeir hlupu úr tjaldinu. En drekarnir flugu upp úr fossinum og sáu þeir Björn að einn drekinn hafði mann í munni sér. Þóttust þeir þá vita að allir mundu þeir látnir er í hellinn höfðu farið. Hinn mesti drekinn flaug lengst, sá er manninn hafði í munni. Og er þeir flugu upp yfir bergsnösina hljóp hann Björn þá upp á bergið og lagði málaspjóti á drekanum. En er hann hreppti áverkann þá hljóp úr sárinu mikið blóð í andlit honum og fékk hann af því skjótan bana en blóðið og eitrið kom á fót Hyrningi og sló þar í æðiverk svo að hann mátti trautt standast.

Nú er að segja frá Þóri og hans félögum að þeir afla sér mikils fjár í hellinum svo að það var margra manna fullfengi í gulli og mörgum dýrgripum. Er svo sagt að þeir hafi á þriðja degi verið í Valshelli. Síðan las Þórir sig fyrstur upp og dró upp fé og þá féлага sína. Tók hann þá fót Hyrnings og strauk með glófunum og tók þegar úr allan verkinn. Nú skyldi Þórir skipta fénu og varð einn hluturinn ávallt mestur og fór svo nokkurum sinnum.

Þá mælti Ketilbjörn: "Fóstbróðir," sagði hann, "þú hefir mest unnið til fjár þessa. Nú vil eg gefa þér minn hlut."

Þá mælti Þórhallur þvílíkum orðum. Þórir varð allléttbrúnn við þetta og varðveitir nú féið. En skipt var gullinu Agnarsnaut með félögum Þóris og hefir hver þeirra mörk gulls. Hann gaf og sinn grip hverjum þeirra. Hyrningi gaf hann sverðið Agnarsnaut. Eftir það fóru þeir aftur til Úlfs og vildi Þórir segja frá tíðindum. Þeir dvöldust um hríð með Úlfi og gerði Þórir þá járnviðjar um kistur sínar og læsti vandlega Valshelligull og lét alla sína féлага á sinn kost þann vetur.

5. kafli

Eftir það fóru þeir suður til Þrándheims og fundu þar Sigmund. Var það við jól. Þórir sagði Sigmundi frá ferðum þeirra. En Sigmundur bað þá þegar eftir jólin fara úr ríki Noregskonungs. Hann sendi þá inn í Þrándheim og fékk þeim eyki austur um Kjöl til Jamtlands og svo til Gestrekalands. Þaðan fóru þeir á Elfarskóg og ætla til Svíþjóðar, sá skógur er fjögurra rasta og tuttugu breiður, og vissu eigi hvar þeir fóru.

Þeir sáu fyrir virki hátt og er þeir komu þar hófu þeir Þóri upp á spjótaoddum. Þá krækti hann öxi sinni upp á virkisvegginn og las sig svo upp. Lauk hann þá upp virkinu fyrir félögum sínum. Gengu þeir þá inn með öll föng sín. Þórir lauk upp skálann og voru þar tólf manna rekkjur og tvær mestar. Virkið var öruggt vígi. Þórir bað þá vörð halda og svo gerðu þeir.

En litlu síðar sáu þeir tólf menn, mjög víglega, ríða að virkinu og voru tveir mestir. Þeir spyrja er til komu hverjir svo djarfir væru að tóku virkið með valdi. Þeir Þórir sögðu til sín og spurðu hverjir komnir væru. Sá nefnist Hauknefur er svaraði en annar Hama. Hann var af Helsingjalandi en Hauknefur af Gestrekalandi. Þeir báðu þá Þóri út ganga.

En Þórir segir að hann vill berjast með jafn margum menn "og skulu tveir af vorum mönnum berjast við tvo yðra menn."

Þeir vilja það. Þórir og Ketilbjörn börðust við tvo af stigamönnum og hjó sitt högg hvor þeirra og varð hinum það þegar að bana. Eftir það börðust þeir allir og varð það harður atgangur en svo lauk að þeir féllu allir nema tveir, Hauknefur og Hama. Þeir voru þó mjög sárir. Þórir bauð Hauknef grið og báðum þeim og því átta þeir skjótt. Síðan gengu þeir til handa og félags við Þóri og skiptu að jafnaði öllu því fé er þar var og fóru af skóginum er þeir voru búnir, fyrst til Svíþjóðar en þaðan til Gautlands og fundu þar Hlöðvi jarl son Æsu hinnar örðigu Hlöðversdóttur. Hann gekk þegar við frændsemi við Þóri er hann sagði ætt sína. Þeir voru þar landvarnarmenn um hríð og gerðust víðfrægir.

6. kafli

Ásta hét dóttir jarls. Hennar bað Gautur berserkur, mikill kappi. Hann var sænskur að ætt. Með honum var Geir hinn gerski og höfðu mikla sveit en jarl vill eigi gefa konuna. Þá gengu þeir Þórir á hólm við berserkina og höfðu sigur. Þá vildu félagar þeirra hefna og sló þá í bardaga og varð hin harðasta orusta en svo lauk að þeir drápu þá alla víkingana er í móti risu en eltu hina úr landi.

Þrjá vetur var Þórir í Gautlandi. Þá tók jarl banasótt. Hann gaf Þóri kaupskip og bað hann fara til Íslands en Hauknef gaf hann dóttur sína og þar með ríkið og var hann þar eftir. En Þórir fór til Noregs. Hann sendi Rekkal til Englands með annað skip. Þeir Þórir fóru til Íslands og komu út í Dögurðarnes.

Þar kom Steinólfur hinn litli til skips og brá mjög við er hann sá Þóri. Þar var og Kjallakur gamli og bað hann Steinólf mág sinn eiga gott við Þóri, kvað honum þungt falla mundu ef hann gerði ei svo "þar sem þínar fylgjur mega ei standast hans fylgjur," sagði Kjallakur.

Steinólfur falar sverðið góða að Þóri en Þórir vill ei selja og bauð að gefa honum eins manns hernesku en Steinólfi þótti það líkt og ekki og lagðist lítt á með þeim.

Þórir vill þá í brott því að honum þótti þeir ærið liðmargir. Þeir tóku sunnanveður og ætla til Þorskafjarðar. Þá gekk veðrið til landsuðurs og austurs og bar þá vestur undir Flatey. Þar bjó Hallgríma dóttir Gils skeiðarnefs. Hennar synir voru þeir Hergils er síðan bjó í Hergilsey og Oddi. Þá sá Þórir Ingibjörgu dóttur Gils skeiðarnefs og fannst honum mikið um hana þá stund er þeir dvöldust í Flatey. Þeir héldu þaðan til Knarrarness. Það er á framanverðu Reykjanesi og þá fékk það nafn. Þá bjó Breiður í Gröf. Þar heitir nú á Breiðabólstað. Þar gengu félagar Þóris af skipinu, þeir er fyrir sunnan Þorskafjörð áttu heimili, nema Ketilbjörn og Þórhallur. Þeir vildu eigi við Þóri skiljast.

7. kafli

Meðan er Þórir var utan hafði andast Oddur faðir hans. Var þá uppgangur Hof-Halls sem mestur svo að hann sat nær yfir hvers manns hlut og virðing. Hann deildi um hof toll við Reyknesinga. Hann vildi og heimta toll fyrir vestan Þorskafjörð en Hallsteinn og þeir Reyknesingar höfðu reist Þórshof vestur þar síðan tréð hið mikla hafði rekið á land hans eftir sem blótaði og lögðu þeir þar tolla. Voru af því dylgjur miklar með þeim Halli. Hallur hafði og í brott rekið móður Þóris, Valgerði, úr búi sínu en sett þar niður Þorbjörn stökk, ísfirskan mann, mikinn kappa, og Askmann hinn þunga. Hann bjó á Askmannsstöðum út frá Skógum.

Þórir hélt vestur fyrir Þorskafjörð skipi sínu og lenti við Grenitrésnes. Þar fann hann Hallstein og aðra bændur og buðu þeir Þóri land inn frá Gröf milli áa tveggja. Hallsteinn fékk honum búfé og Þuríði dóttur sína til forráða. Gekk Þórarinn son Hallsteins á skip með Þóri og voru þeir fimmtán á skipi en Hallsteinn fór hið efra með búferli Þóris og voru margir saman. Koma þeir Þórir fyrr og ryðja skipið þar er nú heitir Búlkárós.

8. kafli

Nú er þar til að taka er Hyrningur Hallsson kom heim og segir alldrengilega frá för þeirra Þóris.

Hallur mælti: "Ólíkur ertu orðinn mér er þú vilt vera hlutræningur fyrir Þóri eða þá er þú settist aftur við hellinn og fylgdir honum eigi og víst eigi uni eg því að Þórir sitji einn yfir Valshellisgulli."

Hyrningur kvað hann þess vel hafa aflað en Hallur kvaðst eigi hirða um auvirðsskap hans og safnar að sér þrem tígum manna þá er hann sá för Þóris. Hann fer fyrir innan Þorskafjörð og fundust þeir við Búlkárós. Kallar Hallur þegar til gullsins við Þóri en hann synjar þverlega. Hallur veitir þá snarpa atgöngu. Hann hafði gullrekið spjót í hendi. Hann hleypur í flokk Þóris og lagði hart fram en fyrir varð Þórarinn Hallsteinsson og stóð spjótið í gegnum hann. Þórarinn gekk á lagið og hjó yfir Hall og þann banahögg er næst honum var. Þar féllu þrír menn af Halli áður þeir Þórir og Ketilbjörn fengu vopn sín. Og nú sjá þeir Hallur að Hallsteinn og hans menn voru komnir ofan á brekkuna og veita Þóri. Hlaupa þeir Hallur nú til hesta sinna. Þá vó Þórir mann en Ketilbjörn annan. Bar þá Hall undan og hans menn.

Þeir Hallsteinn og Þórir hlaupa nú í bátinn og nær fjórir tígir manna og reru yfir fjörðinn og fundust þeir Hallur þá við Vaðilseyri. Tókst þá þegar athlaup og vó Þórir einn mann. Hallur bauð þá sættir og kom því svo að hann seldi Hallsteini sjálfðæmi fyrir víg Þórarins. En hann gerði tvö hundrað silfurs en menn þeir er féllu við Búlká skyldu koma fyrir tilför. En sá er Þórir vó á Vaðilseyri var fé bættur og kom þar fyrir Uppsaland og skyldi allt ógert ef Hallur héldi eigi sættina. Fór Hallur við þetta heim og undi illa við.

Hyrningur sagðist eigi vildu með honum vera og réðst í Berufjörð til lags við Beru og var með henni þar til er synir hennar vönduðu um. En síðan gerði hann bú á Hyrningsstöðum og bjó þar til elli. Hann hélt jafnan vingan við Þóri og það fé hafði hann mest er Þórir gaf honum því að hann náði engu af Halli föður sínum.

9. kafli

Þórir reisti bæ mikinn þar er nú heitir á Þórisstöðum og setti þar saman mikið bú. Var hann hinn mesti rausnamaður. Allir fóstbræður hans fóru til feðra sinna nema Þórhallur og Ketilbjörn.

Þuríður Hallsteinsdóttir var bústýra Þóris og lagði Ketilbjörn hug á hana. En Þórir átti son við Valgerði konu Hrómundar í Gröf og hét sá Atli.

Hauknefur hafði gefið Þóri hest kinnskjóttan, ungan. Hann var gauskur hlaupari og var alinn á korni vetur og sumar. Þessum reið Þórir yfir Þorskafjörð hvort er var flóð eða fjara og var hann gersemi mikil.

Þórir hafði sæmdir miklar af ferð sinni og fé því er hann hafði út haft. Hann bað Þuríðar dóttur Hallsteins goða til handa Ketilbirni fóstbróður sínum og fékk þann kost og gerði bú í Tungu í Króksfirði en stundum var hann með Þóri.

En er Þórir hafði einn vetur búið fór hann til Kleifa og með honum Gilli og Vaði skáld og fóstbræður hans. Þórir bað Ingibjargar Gilsdóttur. En er þeir sátu að málum þessum þá lét Gísl bóndi enga menn ná að fara inn til Ólafsdals því að hann vildi eigi að Þorgeir úr Ólafsdal yrði var við þar sem hann var biðill hennar Ingibjargar og hafði lagt við hana mikla ást. Gísl lét þá þegar brúðlaup gera og hélt þar öllum komandi mönnum meðan veislan stóð.

En er Þórir fór í brott með konu sína þá fara menn út með Gilsfirði til Saurbæjar, þeir er að boðinu voru, og fundu sauðamann úr Ólafsdal og sögðu honum gjaforðið Ingibjargar. Sauðamaður fór heim og segir þeim feðgum. Þorgeir vildi drepa boðsmennina og kvað firn í að þeir voru leyndir svikum slíkum en Ólafur bað eigi óverða gjalda og bað hann heldur gjalda Þóri. En er þeir sáu að Þórir reið út um teig fyrir vestan fjörð þá báru þeir eigi áræði til að ríða eftir þeim.

Fór Þórir nú heim með konu sína og tókust þar ástir góðar. Þau áttu son er Guðmundur hét og var hann allbráðger. Hann fæddist upp með Eyjólfri í Múla og gaf hann honum stóðhross hálf við Grím son sinn. Það var litföróttur hestur með ljósum hrossum.

Grímur Eyjólfsson var mikill og eldsætur og þótti vera nær afglapi. En er hann reis úr fleti var hann í hvítum vararvoðarstakki og hafði hvítar brækur og vafið að neðan spjörum. Því var hann Vafspjara-Grímur kallaður. Engi maður vissi afl hans. Hann var mjög ósýnilegur.

10. kafli

Þórir eignaðist Flatey eftir Hallgrímu og hafði þar sæði en Hergils son hennar bjó í Hergilsey sem fyrr var ritað. Hann var faðir Ingjalds er þar bjó síðan og hann barg Gísla Súrssyni og fyrir það gerði Börkur hinn digri af honum eyjarnar en Ingjaldur fór í Þorskafjarðardali og bjó á Ingjaldsstöðum. Hans son var Þórarinn er átti Þorgerði dóttur Glúms Geirasonar. Þeirra son var Helgu-Steinar.

Þorgeir í Ólafsdal lét sér stórum illa líka til Þóris um konumálið. Hann vissi að fátt var með þeim Steinólfi og Þóri. Því gaf Þorgeir Steinólfi fé til að hann veitti Þóri umsátir ef færi yrði á. Og er þeir höfðu ráðið samband fann Þorgeir Hall af Hofstöðum og bað hann ganga í málið með þeim. En hann varð glaður við og bað þeim heill duga er fyrstur réði ráðum til skamma Þóri en kvað þó illt við hann að eiga "fyrir sakir harðfengi og fylgdar þeirrar er hann hefir."

En það ráð gerði Hallur að þeir skyldu ráða af einhvern fóstbróður hans.

Hallur hitti þá Askmann og Hólmgöngu-Kýlan og gaf þeim þrjár merkur silfurs að þeir dræpu Má Hallvarðsson og því hétu þeir að leita við ef þeir mættu.

Litlu síðar fór Askmaður til móts við Kýlan og taka vopn sín og fara til Hríshvols. Askmaður hafði króksviðu í hendi. Hann fór til húss og sagði Mávi að uxi lá í mýri og bað hann upp draga. Már kvað hann fara munu að nokkuru illu og sagðist eigi trúa munu lygi hans. Askmaður kvað eigi kynlegt að hann þyrði eigi að ganga í Valshelli er hann þorði eigi að bjarga fé sínu þótt hann fylgdi honum til. Þá hljóp Már upp og tók vopn sín, hjálm, skjöld og sverð. En er þeir voru á leið komnir lofaði Askmaður hann mjög og vopn hans og bað hann sýna sér sverðið. Már gerði svo. Askmaður brá sverðinu og blés í eggjarnar áður hann lét laust.

Nú koma þeir á mýrina og þegar hleypur Kýlan upp úr einum runni og sótti að Mávi í ákafa. Askmaður skopar um hið ytra og vildi krækja af honum skjöldinn. Már hjó hart og tíðum en sverðið beit ekki. Þá kastar hann skildinum en þreif sverðið báðum höndum. Hann hjó á öxl Kýlans svo hart að lamdist axlarbeinið og jafnskjótt hjó Kýlan í mót og kom á hendur Mávi og tók af báðar í úlfliðum. Már rann þá á Kýlan og spennti um hann stúfunum. Þá hljóp Askmaður á bak Mávi og lagði á meðal herða honum svo að fram kom í brjóstið. Þar féll Már, hinn besti drengur, og huldu þeir hræ hans og sögðu Halli hvar komið var. Hann lét vel yfir. Eftir það fóru þeir heim og lagðist Kýlan í rekkju og ónýtti höndina.

Hallvarður var heima er hann frá lát sonar síns. Hann var þá til einkis fær. Þá sendi hann mann til Þóris að segja honum tíðindi. Hann svaraði fá um þetta. En litlu síðar fóru Þórir og Ketilbjörn og Kinnarsynir til Hafrafells og fundu Kýlan í dyrum úti. Þeir beiddu bóta fyrir víg Márs en hann svarar illa og rak aftur hurðina í klofa. Þeir tóku stökk og brutu upp hurðina og fundu hvergi Kýlan en fundu laundyr á bak húsum. Hlupu þeir út og sáu að Kýlan var kominn upp í fjall. Þeir runnu eftir honum og þar til er vatn varð fyrir þeim. Þar hljóp Kýlan á út en Þórir skaut eftir honum spjótinu því er faðir hans hafði gefið honum og kom í milli herða Kýlan og kom hvorki upp síðan. Eftir það fóru þeir heim.

Þá ræddi Þórir um að hann vildi finna Askmann. Og er þeir komu á bæ hans voru aftur hurðir. Þar voru lítil hús. Viðköstur var fyrir dyrum. Þeir Þórir ruddu viðinum á hurðina og báru eld í. Tóku húsin skjótt að brenna og er fallin voru flest húsin og menn gengu út, þeir er grið voru gefin, sáu þeir Þórir að svín tvö hlupu eins vegar frá húsunum, gyltur og grís. Þórir þreif einn raft úr eldinum og skaut logbrandinum á lær galtanum og brotnuðu báðir lærleggirnir og féll hann þegar. En er Þórir kom að sá hann að þar var Askmaður. Gekk Þórir af honum dauðum en gylturin hljóp í skóg og var það Katla.

Hún kom til Uppsala og sagði Þorbirni tíðindin en hann fór þegar á fund Halls og segir honum. Þeir Þórir tóku fé allt það er Askmaður hafði átt og fluttu heim með sér á Þórisstaði. En er Þorbjörn kom á ...

(Hér er eyða í handriti sem svarar til tveggja kafla, hefst í 10. kafla og nær fram í þann 12. Hér er prentuð eyðufylling frá 19. öld.)

... Hofstaði safnaði Hallur mönnum og fór til móts við þá Þóri. Varð þeirra fundur fyrir neðan Rauðsdal. Hallur hjó með sverði til Þorsteins Kinnarsonar. Kom það högg á fótinn og reist ofan kálfann. Þar féllu þrír menn af Halli. Eftir það sneru þeir Hallur undan en þeir Þórir eltu þá um stund og hurfu síðan aftur og héldu heimleiðis.

11. kafli

Það verður þessu næst til tíðinda að vor eitt á einmánuði rak hval í ey þeirri er Hvallátur heitir. Það var þá eyðiey og átti Gull-Þórir eyna. Þórir fór til og skar hvalinn, flutti suman heim en gaf héraðsmönnum sínum suman. Mikið lá þar enn eftir óskorið hvalsins.

Þetta fréttir Steinólfur í Fagradal. Fer hann þá til og mannar út áttæring. Og er þeir komu í eyna voru þar fyrir nokkurir Reyknesingar að hvalskurðinum. Steinólfur og hans félagar létu ófriðlega og þorðu hinir er að hvalskurðinum voru eigi að verja þeim hvalinn og hopuðu undan. Báru þeir Steinólfur þá hvalinn til skips og hlóðu og lögðu síðan brott frá eyinni. Vindur var á sunnan og fór heldur vaxandi.

En er þeir komu inn um eyjar sjá þeir að skip fer í móti þeim. Kenna þeir að það er Þórir og Þorskfirðingar og svo hvorir aðra. Þeir Þórir fella seglið en með því að skriður mikill var á skipunum runnust þau hjá. Þórir skaut spjóti og varð fyrir sá maður er næstur sat Steinólfi. Féll hann dauður útbyrðis. Var þá við því búið að í baksegl slægi hjá Steinólfi og ógreiddist honum ferðin. En fyrir sakir þess að þá var komið ofviðri og sjógangur mikill gátu þeir Þórir eigi veitt þeim eftirför. Steinólfur komst með nauðung til Akureyja. Hafði hann þá rutt skipið að mestu af hvalnum. Beið hann við eyjarnar til þess er veðrið lögði. Hélt hann þá heim og sagði sínar farar eigi sléttar.

12. kafli

Þórir situr nú um hríð heima í búi sínu. Steinólfur í Fagradal undi hið versta við för sína í Hvallátur. Hann sendir nú flugumenn til höfuðs Þóri og gerir Hof-Halli orð og biður hann að leggja á ráð með þeim. Þeir voru fimm saman. Þeir fara um nótt til Hofstaða og tekur Hallur þeim forkunnar vel eftir orðsending Steinólfs. Hann sendir þá til Rauðs sonar síns í Rauðsdal og biður þá sitja um líf Þóris. Voru þeir um hríð hjá Rauð á laun.

Einhverju sinni átti Þórir leið inn í Gilsfjörð til Kleifa. Fór Ketilbjörn með honum. Tekur Gils bóndi við þeim tveim höndum og sitja þeir þar í góðum fagnaði hinn næsta dag. Þeir Rauður höfðu njósnað um ferð þeirra og svo hvenær þeir mundu aftur heim snúa.

Þórir og Ketilbjörn riðu nú frá Kleifum. Þeir komu að Gróstöðum út frá Garpsdal. Þar bjó Gróa Geirleifsdóttir er Óttar son Bjarnar hins austræna hafði átta. Hún var hinn mesti kvenskörungur og aldavin Þóris. Hún bauð Þóri þar að vera og kvað sér segja svo hug um að eigi væri allt sem tryggilegast af hendi Hof-Halls og Steinólfs í Fagradal.

Þórir kvað sig eigi saka mundu "og mun eg fyrr," segir hann, "standa yfir höfuðsvörðum þeirra Halls og Steinólfs en þeir fái mér nokkuð mein unnið."

Eftir það riðu þeir frá Gróstöðum. Rauður og flugumenn Steinólfs sátu fyrir þeim fóstbræðrum við veginn niður við fjörðinn.

Og er þeir Þórir komu ofan á hálsinn Þorskafjarðar megin mælti Ketilbjörn: "Hvað blikar þar við veginn niður að sjá til fjarðarins? Svo þykir mér sem þar komi upp skildir eigi færri en átta. Mun hér ófriður fyrir og hygg eg að þeir vilji nú að til skarar skuli skríða með oss."

Þórir mælti: "Eigi munum við hoga undan fóstbróðir og víst höfum við fyrr í mannraunum verið og þeim eigi minnur geigvænlegum en þessi er. Og er eigi til reynt hvort nokkurir þessara manna þurfa um sár sín að binda um það er lýkur."

Nú ríða þeir fóstbræður þar að er fyrirsátursmenn voru fyrir. Spruttu þeir þegar upp og tókst þar hin harðasta orusta. Rauður eggjar fast sína menn og segir það skömm mikla ef einir tveir menn kæmust úr höndum svo margra og kvað þá nú eigi skyldu frá tíðindum hafa að segja. Skiptust þeir brátt höggum við og er þar skjótt frá að segja að Þórir felldi þegar tvo menn og Ketilbjörn einn. Og svo lauk að Rauður og einn flugumanna stóð uppi. Flugumaðurinn hljóp þá sem fætur toguðu á leið til Hofstaða.

(Hér lýkur eyðufyllingunni.)

Ketilbjörn sneri eftir honum og fékk eigi náð honum. En Rauður veik þá upp á hálsinn og Þórir eftir honum. Þeir fundust við túngarð í Rauðsdal og börðust alldjarflega því að Rauður var frækn maður. En svo lauk að Rauður féll fyrir Þóri. Eftir það sneru þeir Þórir heim og höfðu setu á Þórisstöðum. En síðan var leitað um sætt af Úlfi hinum skjálga og sættust að því að líkt var látið víg Rauðs og áverki Þorsteins en fyrirsátin kom í mót þeim mönnum er féllu af Halli. Ekki vildi Þórir sættast við Þorbjörn um fjárupptakið og kvað þá skyldu greiða með sér í tómi. Lét Þórir nú heim fara alla sína fóstbræður og var nú kyrrt um hríð.

13. kafli

Þar er nú til að taka að Guðmundur son Þóris óx upp í Múla með Eyjólfri þar til er hann var níu vetra gamall. Hann var þá ákafa mikill og sterkur. Hann fór þá heim til föðurs síns. Nú fór svo fram um hríð að hann þroskaðist heima.

Það var einn dag að Þórir kvaddi hann til farar með sér og riðu inn með Þorskafirði og stefndu til Uppsala. Þorbjörn var úti og kenndi för Þóris.

Hann mælti við Örn son sinn: "Hér ríður Þórir og son hans og mun ætla að hefna þess er við tókum féð. Nú vil eg að þú farir sem skjótast á Hofstaði og segir Halli að hann komi til liðs við mig en eg mun á meðan verjast úr húsunum og munu ekki skjót umskipti verða með okkur Þóri."

Örn hefir sig þegar frá bænum.

Þetta sér Þórir og mælti við Guðmund: "Maður rennur þar út frá bænum á Uppsölum og mun sá sendur til Hofstaða til Halls. Far þú eftir honum og dvel hann."

Hann sneri eftir Erni og bað hann bíða. Örn nam staðar og reiddi upp öxi mikla er hann hafði í hendi. Guðmundur hljóp af baki og rann að honum með spjótið og lagði í gegnum hann en Örn gekk á lagið og hjó til hans og yfir öxlina og brotnaði í sundur öxarskaftið en hyrnan kom í herðarblað Guðmundi og varð hann lítt sár. Eftir það féll Örn þar á götunni og heitir þar nú Traustagata.

Þórir reið heim á bæinn að Uppsölum en Þorbjörn stóð í dyrum með vopnum. Gekk Þórir upp að dyrunum en Þorbjörn lagði spjóti til hans en Þórir hjó það af skafti. Þá brá Þorbjörn sverði og hjó til Þóris og kom í hjálminn en sverðið brotnaði undir hjöltunum. Þá brá Þórir Hornhjalta og hjó til Þorbjarnar en hann tók tveim höndum skjöldinn og bar upp við er að honum reið höggið og tók í sundur skjöldinn fyrir neðan mundriðann. Eftir það opar Þorbjörn inn undan og kom hurðunni í klofa. Sveif hann þá til stofunnar og kom aftur hurðunni og bar þar fyrir slíkt er hann fékk til. Þórir braut upp útihurðina og hljóp svo til stofudyranna. Hjón Þorbjarnar stóðu við hurðina en Þorbjörn reif upp stokk og reisti undir skjáinn og fór þar út og dró upp stokkinn og hélt síðan upp til fjalls. Þórir braut upp stofuhurðina og saknaði Þorbjarnar. Hljóp hann þá út skyndilega og sá för Þorbjarnar. Hélt Þórir eftir honum og varð fundur þeirra á hjalla einum. Varðist Þorbjörn þaðan alldrengilega með stokkinum því að vopn hans höfðu verið eftir í stofunni. En svo lauk að Þorbjörn féll fyrir Þóri og heitir þar nú Stokkshjalli. Guðmundur kom þá að er Þorbjörn var fallinn. Þeir huldu hræ hans og fóru heim eftir það á bæinn og tóku gripi hans alla og svo þá er Þórir átti og fóru heim síðan.

Þorbjörn hafði verið ísfirskur að ætt og kyni og bjó bróðir hans í Laugardal er Þórður hét. Litlu síðar fór Þórir á fund Þórðar og bar sakir á hendur honum um það að hann hafði sendan Þorbjörn suður þangað á föðurleifð Þóris, slíkur ójafnaðarmaður sem hann var. Þeir sættust með því að Þórir skyldi einn um gera. Lét hann það í faðma fallast, víg Þorbjarnar og gripatakið, en gerði sér til handa löndin bæði í Þorskafirði, Botn og Uppsálar, fyrir þann fjandskap er hann hafði í hlaupið með Halli en Örn var bættur hundraði silfurs.

14. kafli

Þórir seldi landið að Uppsölum Þorgerði í Þorgeirsdal því að hún þóttist eigi búa mega fyrir beitingum Helga af Hjöllum. Þá tók Þórir við Þorgeirsdal og beitti Helgi ei að síður.

Það vandist á að Þórisstöðum að þar hurfu gimburlömb tvö grákollótt hvert vor og höðnukið tvö með sama lit.

Það var eina nótt um vorið að Þórir mátti ei sofa. Hann gekk þá út og var regn mikið. Hann heyrði jarm þangað er stíað var. Þórir gekk þangað og sá á réttargarðinum að þar lágu kið tvö bundin og lömb tvö en í rétt sátu konur tvær. Þær léku að hnettafli og var taflið allt steipt af silfri en gyllt allt hið rauða. Þær brugðust við fast og urðu hræddar mjög. Þórir fékk tekið þær og setti niður hjá sér og spurði því að þær legðust á fé hans. Þær buðu allt á hans vald. Hann spurði hverjar þær væru. Það var önnur Kerling dóttir Styrkára í Barmi en önnur kveðst vera dóttir Varða ofan úr Vörðufelli og nefndist hún flagðkona en hin hamhlaupa. Þórir gerði þá sætt með þeim að þær hefðu sauði með sér en hann taflið og það er þar fylgdi en á tuglunum taflpungsins var gullbaugur settur steinum en annar silfurbaugur var í borðinu. Þetta allt tók Þórir og skildu við það. Þá sætt hélt Frosta vel en Kerling illa.

Með þeim Eyjólfí í Múla og Helga á Hjöllum var fjandskapur mikill um beiting og beittu Hjallamenn fyrir Eyjólfí bæði tún og eng.

Það var einn veðurdag góðan að menn voru að heyverki í Múla að þeir sáu hvar maður reið sunnan yfir Þorskafjörð og að garði í Múla. En því var þessa við getið að þessi maður var öðruvíis búinn en þeir menn er þar riðu hversdaglega. Hann hafði hjálm á höfði en skjöld á hlið gylltan. Hann reið í steindum söðli og hafði öxi rekna á öxl nær alnar fyrir munn. Hann reið ákafa mikinn og var hesturinn mjög móður. Og er hesturinn kom í garðshliðið var hann staðþrotinn. Þá hljóp maðurinn af baki og setti öxina í höfuð hestinum og var hann þegar dauður. Hann tók ekki af söðulinn og gekk heim eftir það. Eyjólfur bóndi spurði hann að nafni. Hann kveðst Gunnar heita, austfirskur maður að ætt, en kveðst Þóri finna vilja.

Hey mikið lá á vellinum um daginn er hirða skyldi en naut Helga af Hjöllum gengu í. Gunnar spurði því að eigi skyldi reka nautin úr vellinum.

"Ekki þykir oss það tjóa," segir Eyjólfur, "því að jafnskjótt eru aftur rekin nautin sem vér rekum í brott."

Gunnar segir: "Það þykir mér yður skömm mikil, venslamönnum Þóris, að sitja ójöfnuð bændum hér í Þorskafirði."

"Þann veg ræðir þú um," segir Eyjólfur, "sem þér sé ókunnigt skaplyndi Helga eða Þórarins ákafa sonar hans."

Gunnar segir: "Ekki ætla eg að ganga vagur fyrir skaplyndi þeirra."

Hann hljóp til nautanna, barði og elti út með sjónum sem gatan lá og ofan fyrir einstigi það er var við ána. Grímur var úti staddur, son Eyjólfs, og telgir kylfu. Hann segir föður sínum um nautin og spurði hvort engi maður skyldi fylgja þessum manni. Eyjólfur kveðst letja hvern sinna manna að fylgja honum. Grímur kvað engum tjóa mundu að letja sig og hljóp þegar eftir Gunnari með kylfuna.

En er Gunnar kom í einstigið var þar fyrir Þórarinn ákafi með fimmtán menn og vilja þegar aftur reka nautin. Gunnar sækir þá að í ákafa en þeir ráða fast í mót. Helgi sat á hesti fyrir utan ána og eggjar þaðan liðið. Þar vó Gunnar Þórarin og tvo aðra en Grímur drap einn. Gunnar kastaði steini fyrir brjóst Helga svo að hann féll af baki og lömdust bringspelirnir. Fór hann við það heim og lá í rekkju lengi.

En meðan þetta bar að tók Eyjólfur söðul af hesti Gunnars og söðlar tvo hesta. Hann bað þá Grím og Gunnar fara til Þóris "og segið honum þessi tíðindi" og biðja hann ásjá.

Eftir það fóru þeir á Þórisstaði og sögðu honum til og leita ráðs við hann.

Þórir tók ekki mjög á þessum tíðindum og bað þó Grím fara til sín "en ekki vil eg taka við Gunnari," segir hann, "því að þær einar spurnir hefi eg frá honum að hann hafi meiri verið í hreysti en hamingju. En hér er svo mönnum varið að vér þurfum meir umbótamenn en þá að auki vor vandræði."

Grímur kveðst við Gunnar aldrei skyldu skilja "því að hann varð til þess að reka skömm af oss og var það þó eigi minni þín skylda en hans eða mín."

Þá mælti Þórir við Guðmund son sinn að hann skyldi fara í Múla eftir fé og mönnum. Er þá rekið allt fé Eyjólfs á Þórisstaði. Gunnar rak og þangað fjóra tigu geldinga er Helgi átti. En Þórir vill eigi að síður reka hann á brott en Grímur vill Gunnari fylgja en Guðmundur Grími. Sá Þórir þá hvar komið var og bað þá alla þar vera en kvað sér þungt hug um segja hversu að til tækist er bæði var von ófriðarins vestan og sunnan.

Það var nokkuru síðar er synir Helga eggjuðu hann til hefnda, Frakki og Bljúgur. Þeir bjuggu í Frakkadal í Kollafirði. Kálfur og Styr voru fylgdarmenn þeirra. Þeir voru allir á laun á Hjöllum og sátu um Þóri. Þeir urðu þess varir að Þórir fór að skera mön á hrossum sínum og Guðmundur son hans með honum. Þeir Frakki og Bljúgur fóru til móts við þá og kom Bljúgur fyrst að. Hann lagði þegar til Þóris sem hann var að manskurðinum og hafði hengt skjöldinn á hlið sér. Lagið kom í skjöldinn og renndi af út og kom á nára hestinum og þar á hol. Féll hann þegar dauður niður. En Þórir snerist við fast og laust Bljúg með skærahúsanum og kom í ennið en hann féll á bak aftur og varð hola fyrir húsanum. Bað hann þá Guðmund gæta hans. Þórir tók þá sverð sitt og hljóp á mýrina og vó þar Frakka. Hét þar síðan Frakkamýr. Guðmundur vó Bljúg í lækinum er síðan heitir Bljúgslækur. Þeir Kálfur og Styr tóku undan. Þórir gat náð Styr á brekku uppi og drap hann. Þar heitir nú Styrsbrekka. En Guðmundur elti Kálf ofan í Kálfárgljúfur og dó hann þar.

Ekki vill Þórir bæta þessi víg en fyrir víg Þórarins ákafa galt hann Þorgeirdal og voru þeir Helgi þá sáttr að kalla.

15. kafli

Það verður nú næst til tíðinda að Gísl skeiðarnef tók sótt og andaðist en mágar Þóris buðu honum til erfis. Þeir buðu honum og að hafa slíkt af búfé sem hann vildi því að Þórir þurfti þá mikils við um sláturfé er hann hafði fjölmenn.

Þórir bjóst til ferðar þessarar og Guðmundur son hans, Ketilbjörn, Gunnar, Grímur og allir fóstbræður Þóris. Þar var og Gilli hinn suðureyski. Þeir voru tveir tígir saman er þeir riðu inn með Gilsfirði. Þar fann Þórir Þórarin krók. Hann bað Þóri fara varlega. Þá var sem mestur fjandskapur með þeim Steinólfi því að þeir deildu um Steinólfsdal. Þórir bað Þórarin halda njosnum til ef hann yrði var við nokkurar skipaferðir.

Nú sat Þórir að erfinu en þeir feðgar í Ólafsdal sendu orð Steinólfi að hann léti Þóri þá eigi undan komast. Steinólfur sendi orð Kjallaki og sonum hans og komu þeir þann dag margir saman er Þórir skyldi ríða frá erfinu. Gengu þeir Kjallakur og Steinólfur á róðrarskútu eina mikla er Steinólfur átti við fjóra tigu manna og reru til Króksfjarðarness og stefndu fyrir sunnan nesið. Þórarinn krókur sá för þeirra og grunar að ófriður muni vera. Reið hann þegar til Króksfjarðar og safnar mönnum. Þeir Ólafur og Þorgeir gengu á skip við nokkurum mönnum og reru yfir Gilsfjörð og lentu við Langeyri út frá Gróstöðum og héldu þaðan njosnum um ferðir Þóris. Þeir Steinólfur lentu fyrir sunnan Króksfjarðarnes og sendu sex menn upp undir múla, var þar Blígur og Árni, og fjóra menn aðra. Skyldu þeir þaðan hyggja að mannaferðum.

Þórir varð heldur seinn frá heimboðinu. Hann dvaldist í Garpsdal um hríð. Þá gaf Halldór Héðinsson Þóri uxann Garp er dalurinn var við kenndur. Var hann þá fimmtán vetra gamall. En Þórir gaf Halldóri bauginn Brosunaut. Hann reið nú úr Garpsdal og kom á Gróstaði. Gróa húsfreyja segir honum um skipin. Þórir gaf henni gullbaug en hún sendi þegar mann í Garpsdal að segja Halldóri að meiri von sé að Þórir þurfi manna við.

Þeir Þórir riðu út með hliðum. Þá sáu þeir sex menn vera fyrir múlanum, vopnaðir. Litlu síðar sáu þeir hvar þeir fóru, Kjallakur og Steinólfur, neðan frá skipi og voru skjaldaðir. Þórir bað sína menn af baki stíga og dró á sig glófana Agnarsnauta og vill nú fara höndum um þá. En Vöflu-Gunnar keyrir hestinn sporum fram frá þeim og reið hina neðri leið. Hann sá sex menn fyrir sér. Þar voru þeir Blígur og Árni og þeirra félagar. Þeir réðu þegar í mót honum. Gunnar skaut spjóti til Árna áður hann hljóp af baki og kom spjótið í fang honum og þegar í gegnum hann. Eftir það hlaupa þeir að Gunnari er eftir voru og sækir Gunnar þá fimm. Er þeir sáu þá hvar þeir Ólafur og Þorgeir fóru neðan í brekkuna milli þeirra Þóris, og hlupu þá fjórir förunautar Blígs í lið með þeim en Blígur tók undan með rás og fékk Gunnar

tekið hann í mýri einni og drap hann þar og heitir þar Blígsmyr og Blígsteinn þar sem hann var kasaður.

Í þann tíma finnast þeir Þórir og Þorgeir og eru þar nítján hvorir. Slær þar þegar í bardaga og snýr Þórir að Þorgeiri og höggur til hans með Hornhjalta og kemur á öxlina og sníður af höndina fyrir utan geirvörtuna. Ólafur faðir hans stóð að baki honum og kom blóðrefillinn í brjóst honum og renndi ofan í kvíðinn svo að út féllu iðrin og létust þeir þar báðir feðgar af þessu höggvi. Ketilbjörn varð þegar manns bani er þeir fundust. Og í þessu komu þeir Kjallakur og Steinólfur með þrjá tigu manna. Þá kom Gunnar að og barðist alldjarflega. Þórir bað sína menn hlífa sér og gæta síns sem best. Tókst þá ei mannfalið allskjótt. Þá kom Halldór til liðs við Þóri við tólfta mann. Þeir börðust nú um hríð. Urðu menn sárir af hvorum tveggjum. Og þá komu njósnarmenn þeirra Steinólfs og segja að eigi mundu færri menn ríða inn fyrir Króksfjarðarmúla en fimm tigur. Þeir segja og mikið lið ríða frá Gróstöðum.

Þá kallar Steinólfur á sína menn og biður þá halda til skipa og láta þau gæta sín. Snúa þeir Kjallakur þá út undir bakkana og til skipa sinna en hinir hlupu eftir þeim. Skipið var uppi fjarað. Þeir Jósteinn hrundu fram skipinu en Þorvaldur bróðir hans hélt upp bardaganum á eyrinni við Þóri. Vöflu-Gunnar kom að þar er Jósteinn hafði flotað skipinu og hjó hann í sundur í miðju við saxinu en brýndi upp skipinu. Þeir Þórarinn koma þá á eyrina er Þorvaldur var fallinn og flestir allir hans menn.

Hann bað menn hætta að drepa niður forystulausa menn: "Höldum heldur eftir þeim Steinólfi og látum nú sverfa til stáls með oss."

Þórir kvað þá fyrir ná mundu skipum sín en þeir yrðu teknir. Þórarinn kveðst eiga teinæring "er marga menn mun bera og eltum þá suður yfir fjörð."

Þórir bað hann ráða en kveðst svo hugur um segja að þá væri best að skilja. En Þórarinn vill ekki annað en að fara eftir þeim. Reið hann heim til skips með tuttugasta mann en Þórir gekk á skip með nokkura menn. Menn Þóris voru bæði sárir og vígmóðir og gekk seint róðurinn. En Þórarinn sótti ákaft róðurinn og hans menn er þeir voru hvíldir og drógu skjótt eftir þeim Steinólfi og Kjallaki.

Steinólfur bað þá ei undan róa að þeir hyrfu fyrir það aftur er eftir sóttu "því að vera kann að þeir nenni eigi að bíða hinna er eftir róa og mætti áður umskipti verða áður félagar þeirra kæmu eftir."

Knútur bóndi á Knútsstöðum sá að þeir Steinólfur reru fyrir landið. Hann kenndi skipið og sendir þegar menn í Fagradal og stefndi mönnum til naustanna. Hann fór og þangað með sína menn. Steinólfur stillir svo til um róðurinn að þeir yrðu mjög jafnskjótir til lands og Þórarinn með sínum mönnum. Gengu þeir Kjallakur þegar upp frá skipi og námu staðar á ströndunni. Þórarinn eggjar þá sína menn til uppgöngu. Voru þeir tveir tigur en þeir Steinólfur hálfur þriðji tugur. Þar varð harður bardagi á eyrinni. Og er þeir höfðu skamma stund barist kom Knútur við fimmtánda mann og veitti Steinólfi og sneri þá skjótt manfallinu á hendur þeim Þórnari og féll hann þar og níu menn með honum en fimm af Steinólfi. Þeir hlupu á kaf er eftir voru og tóku þeir Þórir þá af sundi er þeir komu eftir og drógu upp í skip sitt. Þeir Gunnar og Ketilbjörn vildu þegar að landi leggja en Þórir bannar þeim og heldur Gunnari. En Ketilbjörn hljóp í framstafn á skipi Steinólfs og dró að sér. Skutu þeir þá við forkum og fluttust frá landi. Þeir Steinólfur hlupu þá ofan á fjöruna og eggja Þóri upp að ganga á land en hann kvað þeim meira mundu fyrir verða "að standa yfir höfuðsvörðum mínum."

Reri hann þá vestur yfir fjörð með bæði skipin en hinir þóttust eigi skipakost til hafa að róa eftir þeim. Þórir lenti við Langeyri og lágu þar níu menn dauðir og allir af Ólafsdælum. Þorvaldur var græðandi og var í brott fluttur. Sex menn voru þar dauðir er þeir höfðu fyrst fundist. En lið það er Steinólfur hafði séð mart lið fara frá Gróstöðum, það voru naut Gró og breiddi hún klæði á hornin. En mannföll þessi eru sögð eftir kumlum þeim er fundin eru þar er bardagarnir hafa verið.

Eftir þessi tíðindi fór Þórir heim til bús síns og fóru þá menn í millum og varð griðum á komið um síðir. Ekki var þessi sætt í saksóknir færð því að þessi tíðindi urðu fyrr en Úlfjótur flutti lög til Íslands út.

16. kafli

Þórir sat í búi sínu og hafði fjölmenni mikið. Kvikfé hans gekk mjög í landi Hrómundar í Gröf en þar fyrir var Þórir því vanur að hann gaf Hrómundi gelding hvert haust en lamb á vorum. Það fé varð gamalt og gekk með mörkum Þóris.

Það var eitt haust að Þórir vandar um við rétt og varð þeim að orðum. En er Vöflu-Gunnar heyrði orð þeirra hljóp hann upp að Hrómundi og hjó til hans og varð þegar að vígi. Þessu varð Þórir svo reiður að hann rak Gunnar í brott og fór hann þá í Múla til þeirra Gríms. En þeir gáfu honum bólstað í Þorskafjarðardal þar er nú heitir á Gunnarsstöðum og gerði þar bú en var stundum með Ketilbirni.

17. kafli

Þormóður hét maður norðlenskur. Hann stökk norðan fyr víga sakir. Hann kemur á Hjalla til Helga og skorar á hann til vistar. En Helgi játti að taka við honum ef hann sætti áverkum við Þóri ef hann kæmi í færi. Þessu játar Þormóður.

En það var litlu síðar er Þórir reið Kinnskæ hinum gamla yfir Þorskafjörð. Þormóður var við setta mann og var fólgin í þangi þar er Þórir skyldi á land ríða. Og er hann reið af vaðlinum hljóp Þormóður upp og lagði til hans og kom lagið í síðu á hestinum og hljóp millum rifjanna. Þórir hljóp af baki hestinum en hesturinn ærðist og hljóp út á sjóinn. Þórir brá sverði og hjó Þormóð banahögg. Þá hlupu þeir Helgi ofan í fjöruna og skaut Þórir spjóti í gegnum þann er fyrstur fór. En er þeir Helgi sáu að tveir eru fallnir, snýr þá síns vegar hver þeirra. Þórir hljóp eftir Helga og elti hann út til Kálfár og vó hann undir Helgasteini út frá Hjöllum. Eftir það fór Þórir heim. Þar heitir nú Þormóðstangi er hann féll við sjóinn en Hesttangi þar er Kinnskær kom á land.

Þórir var nú var um sig og lét upp halda virkinu. Þá lét Þuríður drikkin gera rekkju gagnvert dyrum og kvað sér þá mundu fátt á óvart koma. Ekki sættust þeir Styrkár og Þórir á víg Helga.

En það var nokkuru síðar að Styrkár gekk á skip með húskarla sína tíu. Þar var Kerling í för með þeim dóttir hans. Þau fóru leynilega suður yfir Þorskafjörð og komu á Hofstaði til Halls. Styrkár skorar á hann til liðs. Hallur brást við skjótt og fór þegar við fimmtánda mann. Þeir voru nú allir saman sex og tveir tígir. Kerling hafði ráð fyrir liði þeirra og hún hafði huliðshjálms yfir skipinu meðan þau reru yfir fjörðinn til Þórisstaða. Þau gengu frá skipi ofanverða nátt og gekk Kerling fyrst í virkið því að þegar spratt upp lásinn fyrir henni er hún kom að. Og er hún kom í virkið hljóp að henni gyltur mikil og svo hart í fang henni að hún fór öfug út af virkinu. Og í því hljóp upp Þuríður drikkin og bað Þóri vopnast, segir að ófriður var kominn að bænum. Þeir Þórir hlupu upp og klæddust, tóku vopn sín og voru tólf saman. Tekst þar bardagi í virkinu. Þeir Þórir urðu sárir mjög því að vopn þeirra bitu ekki.

Þá sá Þuríður drikkin að Kerling fór um völlinn að húsbaki og hafði klæðin á baki sér uppi en niðri höfuðið og sá svo skýin á milli fóta sér. Þuríður hljóp þá út af virkinu og rann á hana og þreif í hárið og reif af aftur hnakkafilluna. Kerling tók í eyra Þuríði báðum höndum og sleit af henni eyrað og alla kinnfilluna ofan. Og í því tók að bíta vopn Þóris og urðu þá mjög skeinusamir. Féllu þá sumir menn Halls en sumir flýðu ofan úr virkinu. Börðust þeir þá á leiðinni ofan til sjóvarins. En svo lauk að þeir komust á skip um síðir en eftir lágu fimm menn en tveir féllu af Þóri. Þær Þuríður og Kerling voru báðar óvíggar.

Eftir það leitar Hallsteinn um sættir með þeim Styrkári og Þóri. Varð það að sætt að víg þeirra Helga skyldu á standast heimsókn og fjörráð við Þóri. Síðan var saman jafnað mannalátum öðrum og bættur skakki. Hallur var ekki í þessi sætt og fer hann suður yfir fjörð. Er hann í Fagradal með Steinólfi um hríð.

Þeir bera nú saman ráð sín og gaf Hallur það ráð til að þeir sætu um líf Ketilbjarnar, kvað hann þá mest aðra hönd af Þóri ef honum yrði nokkuð, héldu nú njósnum um hvern tíma Ketilbjörn væri heima í Tungu. En það var háttur Ketilbjarnar þá er hann var heima að hann hélt njósnum ofan til Bæjar. Með honum var Ásmundur Naðursson og Vöflu-Gunnar.

18. kafli

En um haustið litlu fyrir veturnætur fengu þeir Steinólfur og Hallur njósn af því að Ketilbjörn var heima. Þeir gengu þá á skip fimmtán saman, Steinólfur og Hallur, Loðinn og Galti, fylgdarmenn þeirra. Þeir róu vestur yfir fjörð og lentu í Laxárós. Þar kom til móts við þá Grímur af Völlum og Hergils son hans. Þeir voru tíu saman. Þeir fóru upp til Tungu um nóttina og varð engi maður fyrr var við en þeir höfðu tekið bæinn á þeim. Þar var fyrir Ketilbjörn og Ásmundur Naðursson og þrír menn aðrir.

Gunnar hafði riðið áður um daginn vestur á Þórisstaði og er hann var þar kominn spyr Þórir hvaðan hann væri að kominn.

"Frá Ketilbirni," segir hann.

"Ekki ertu auðnumaður," segir Þórir, "því að svo dreymdi mig í nótt að hann mundi þurfa manna við."

Gunnar segir: "Það þykir mér undarlegt er þú situr heima, kappi slíkur sem þú þykist vera, en hinn kærasti vin þinn eigi í hlut og þurfi manna við."

Þórir segir: "Hafa skal góð ráð þó að úr refsbelg komi."

Það hann þá taka Kinnskæ hinn unga. Riðu þeir þaðan sex saman um nóttina, Þórir og Guðmundur og Kinnarsynir tveir og Vöflu-Gunnar. En úr Múla fór Grímur og þrír menn aðrir. Þeir riðu nú tíu um nóttina suður yfir Þorskafjörð.

Nú er að segja frá Ketilbirni að þeir fundu eigi fyrr en húsin voru tekin á þeim. Þeir Ásmundur tóku vopn sín. Gekk Ketilbjörn út í dyrin og sá að eldur var borinn að dyrum. Hann spyr hverjir fyrir eldinum ættu að ráða. Steinólfur kvaðst fyrir eldi ráða.

Ketilbjörn mælti: "Hér mun þér þykja skaplegur fundur vor eða skal nokkurum mönnum leyfa útgöngu?"

Steinólfur bað konur út ganga en ekki fleira. Eftir það gengu þær út en eldur tók að leika húsin. Þeir Ásmundur og Ketilbjörn gengu undan einn vegg og komust þar út. Hlupu þeir Steinólfur og Hallur þangað og slógu hring um þá. Þar voru þegar drepnir þrír menn af Ketilbirni en hann vó tvo menn. Ásmundur hljóp að Halli og hjó til hans en maður hljóp fyrir hann og fékk sá bana.

Þá hljóp Ásmundur út yfir mannhringinn en Ketilbjörn annan veg. Hallur hljóp eftir Ásmundi og hans félagar en Steinólfur eftir Ketilbirni. Ásmundur hljóp á hól einn og varðist þaðan. Þeir Hallur gengu upp á hólinn en Ásmundur réð í mót og hjó til Halls. Hann brá við skildinum. Þá hjó einn af Halls mönnum til Ásmundar og kom á hjálminn. Hann rasaði við höggið og lagði sverðinu til þess er hjó og þegar í gegnum hann. Eftir það hjó Hallur til Ásmundar og kom á hálsinn svo að af tók höfuðið. Var

hann þar dysjaður og heitir þar Ásmundarhvoll.

En Ketilbjörn hljóp út til árinna. En þar var svo háttað að steinn stóð í ánni og var Ketilbjörn þar vanur að hlaupa á steininn og þaðan yfir ána en það var ekki annarra manna hlaup. Það heitir síðan Ketilbjarnarhlaup. Þeir Steinólfur runnu eftir honum til árinna. Ketilbjörn hljóp á steininn og gat eigi festan sig á steininum. Hljóp hann þá aftur yfir ána og í því kom Steinólfur að, hjó á fótinn svo að af tók í ökkaliðnum. Ketilbjörn féll eigi við höggið og hnekkti þá í mót þeim og vó tvo áður hann féll.

Eftir það fóru þeir Steinólfur heim til bæjarins og fundust þeir Hallur þar. Þeir rændu þar fé nokkuru og fóru síðan ofan með ánni og ætla til skipsins.

Þórir kom í Tungu litlu síðar en þeir Steinólfur voru brott farnir. Varð hann þá vís þeirra tíðinda er þar höfðu gerst. Þórir varð allreiður og keyrði hestinn sporum í ákafa og svo hver að öðrum. Þórir varð skjótastur. Hann gat farið fjóra menn af liði Steinólfs og drap þá alla. En er hann kom á bakkana voru þeir Steinólfur á skip komnir. Þórir eggjar Steinólf á land að ganga.

"Nú munum vér herma orð yður að þar skal meira fyrir verða að hefna Ketilbjarnar en að vér göngum á land upp undir vopn yður."

Þórir mælti: "Eg veit eigi hvers mér verður af auðið um hefnd eftir Ketilbjörn en hafa skal eg vilja til."

Þeir Steinólfur reru út til Króksfjarðarness. Þórir sneri á Völvustaði í Kamsheiði. Þar bjó Heimlaug völvu. Þórir gaf henni fingurgull og bað hana liðveislu og ráðagerðar. Hún lagði það til ráðs að hann fari fyrst að heygja Ketilbjörn en kveðst mundu gera honum njósn ef hún frétti nokkuð til tíðinda. Þórir gerði sem hún lagði ráð til. Þeir Steinólfur lágu undir Króksfjarðarnesi þar til er Þórir reið aftur. Gengu þeir Grímur þar af skipi. Fór Grímur heim en Hallur í Bæ.

Þá sendi Heimlaug orð Þóri fram í Tungu að Grímur var heim kominn. Riðu þeir Þórir þá á Völlu og brutu þar upp hurðir, gengu inn síðan. Þeir Grímur fengu vopn sín og vörðust drengilega. Var þar hin harðasta atsókn því að Þórir var allreiður og lauk svo að Grímur féll og húskarlar hans tveir en Hergils son hans komst út um laundyr og varð Gunnar var við hann og hljóp eftir og vó hann þar er nú heita Hergilsgrafir.

Eftir það riðu þeir Þórir í brott og er þeir voru skammt komnir sáu þeir þrjá menn ríða frá Bæ og var einn í blárri kápu. Það var Hallur, Loðinn og Galti. Þórir keyrir þegar hestinn sporum er hann sá þá og ríður frá sínum mönnum. Hann gat farið þá hjá Steinólfsdal og varð þó eigi höggfæri við Hall. Þórir skaut eftir honum spjóti og kom í söðulbogann og þegar í gegnum og svo í bak Halli. Hann snarast við og kippti í brott spjótinu. Þá hjó Galti til Þóris en Hallur reið undan sem hann mátti. Þórir hljóp þá af baki og er svo sagt að hann hamaðist þá hið fyrsta sinn. Galti var og hamrammur og var þeirra atgangur hinn harðasti. Fór Galti þá undan en Þórir sótti eftir. Loðinn þóttist engan hlut að mega eiga og reið hann eftir Halli. En þar kom að Þórir bar af Galta. Þar heitir nú Galtardalur.

Þá hljóp Þórir á hestinn og var mjög móður. Hann reið þá að leita Halls og fann hann örendan við túngarð á Hofstöðum. Hann hafði látist af sári því er Þórir hafði veitt honum og fallið þar af baki. Þórir fór til móts við féлага sína, riðu síðan heim vestur yfir Þorskafjörð. Hann bauð Hyrning sætt eftir föður sinn en hann tók því vel. Fór hann á Hofstaði og tók þar við búi og var hann beturfeðrungur. Var hann aldrei í mótgangi við Þóri.

19. kafli

Steinólfur sat í búi sínu og þóttist þungar fréttir hafa um fjörðinn. Hann var svo var um sig að hann var aldrei fyrir vestan fjörð næturgestur. Hann setti annan mann fyrir búið í Bæ að annast þar um. Þórir sat nú um kyrrt og var honum allmikill hugur á að finna Steinólf en þóttist eigi föng á hafa að sækja hann suður um fjörð fyrir liðsafla sakir.

Það var eitt haust að Steinólfur fór sunnan yfir fjörð. Þeir voru tíu á skipi og ætla þegar aftur. En er þeir voru vestur komnir hljóp á útsynningur með stormi og máttu þeir eigi þann dag aftur fara. En þegar Heimlaug völvu vissi það sendi hún mann til Þóris og bað hann skjótt við bregða ef hann vildi Steinólf finna en hún kvaðst mundu ráða að veðrið félli eigi.

Þórir reið þegar heiman og vill ekki mönnum safna því að hann hugði að þá mundu njósnir koma Steinólfi ef nokkur dvöl yrði á. Þeir fóru heiman með honum Guðmundur son hans og Vöflu-Gunnar, Kinnarsynir tveir. Þuríður móðir þeirra segir að meir var ferð sjá ger með ráði Heimlaugar en sínu, að fara við svo fá menn í hendur Steinólfi. Þórir kvað nú eigi að síður fara skulu. Þeir fóru heiman átta og Vafspjara-Grímur úr Múla og maður með honum. En er þeir komu suður yfir Þorskafjörð sendi Þórir orð Óttari fóstbróður sínum í Mársdal. Hann kom til hans við annan mann. Þeir riðu tólf inn til Steinólfsdals.

En þeir Steinólfur höfðu farið tíu til að festa hey upp í dali en aðrir tíu voru heima. Heyið stóð víða um dalinn og voru þeir mjög dreift um dalinn. En er þeir Þórir sáu hvað þeir höfðust að skildust þeir í reiðinni til að henda þá. Voru þá hleypingar miklar. Steinólfur kallar á sína menn og bað þá heim halda til bæjar og láta húsin gæta sín og er þeir komu heim að túngarði verða þeir tólf. Kvaðst Steinólfur þá eigi lengra renna vilja. Höfðu þá látist fimm menn Steinólfs. Þeir komu fyrst eftir Kinnarsynir, Gunnar og þrír menn aðrir. Þórhallur hjó þegar til Steinólfs og kom á fótinn. Var það mikið sár. En Steinólfur lagði til hans og kom á hann miðjan. Þórhallur gekk á lagið upp að höndum honum og hjó enn til hans og veitti honum mikið sár. Í því kom Þórir að og voru þá fallnir þrír menn af þeim Þórhalli. Þórir barðist þá djarflega.

En þenna sama dag reið Atli son Úlfs hins skjálga norðan yfir heiði við tólfta mann. Hann varð var við fundinn og fór til og réð þegar til meðalgöngu og kvaðst þeim veita mundu er að hans orðum vildi gera og þar kom að hann fékk skilið þá því að hvorirtveggju voru mjög sárir. Þar létust fimm menn af Þóri en fimmtán af Steinólfi. Þar heitir Grásteinsdæld er þeir börðust upp frá Bæ.

Atli fylgir þeim Steinólfi heim í Bæ og voru bundin sár þeirra. Þeir Þórir riðu vestur heim og voru allir sárir og engi maður komst ósár af þeim fundi. Um daginn eftir fór Steinólfur heim suður til Fagradals og lá lengi í sárum um haustið og greri seint. En um veturinn sló í verk og rifnuðu aftur þá er gróin voru og dó hann af þeim sárum. Þórir hafði og mjög sár orðið og greru hans sár skjótt. En eftir þenna fund tók Þórir skapskipti. Gerðist hann þá mjög illur viðfangs.

Það haust hurfu kistur þær er hann hafði gera látið að Valshellisgulli og vissi engi síðan hvað af þeim var orðið.

20. kafli

Nú er frá því að segja að til hefnda eftir Steinólf var Þorsteinn son hans og þeir feðgar, Sleitu-Björn og Þjóðrekur dótturson Steinólfs. Atli Úlfsson leitaði um sætt með þeim og vildu Saurbæingar ekki sættast ef eigi færu þeir utan er mest höfðu gengið að vígum þeim. Þórir vildi ekki utan fara. Var Steinólfur bættur fé miklu. En Guðmundur og Vafspjara-Grímur, Vöflu-Gunnar og Óttar skyldu utan fara og vera brott lengi... <p>(Hér vantar eitt blað í handritið.)</p>

... gátu eigi fylgt honum o... er hann sá bardagann hamaðist hann. En er hann kom ofan á fjöruna þá féll Steinn niður ... vörðust af skipinu. En er þeir sáu Þóri hlaupa ofan á fjöruna hlupu þeir allir úr skipinu til móts við hann og gerðu þeir þá allharða hríð. Þau Kerling og Styrkár sóttu bæði að Þóri en Þorgils í öðrum stað. Þá komu að förunautar Þóris og urðu þá Djúpfirðingar ofurliði bornir. Þeir sóttust fast, Þorsteinn og Þrándur, og varð hvortveggi mjög sár. Þorgils varðist alldrengilega en féll þó fyrir þeim Gunnari og Grími. Þar féll og Styrkár og sjö menn aðrir af Þrándi. Sex menn féllu af Þóri. En sumir flýðu Ísfirðingar hver þeirra er undan komst. Þórir elti Kerlingu upp með firðinum til þess er fyrir þeim varð gil mikið. Steyptist Kerling ofan í einn mikinn foss en Þórir kastar eftir henni hellusteini miklum og kom á milli fóta henni og þar lést hún. Heitir þar síðan Kerlingargil og Kerlingareyr og þar hefir jafnan síðan reimt þótt.

Þeir Guðmundur félagar urðu sárir nokkuð og fóru þeir utan um sumarið sem ætlað var og er mikil saga af þeim í Noregi frá viðskiptum þeirra Ölvis hnúfu. Þeir Þrándur og Þorsteinn urðu báðir græddir að heilu og sættust þeir Þórir og Þrándur um þau málaferli er þar höfðu gerst þeirra í milli.

Þórir bjó á Þórisstöðum langa ævi og átti annað bú í Hlíð. Hann gerðist illur og ódæll viðskiptis æ því meir er hann eltist meir.

Það var sagt eitthvert sumar að Guðmundur son hans hafði fallið í bardaga en það hafði þó logið verið. Þóri brá svo við þessi tíðindi er hann frétti að hann hvarf á brott frá búi sínu og vissi engi maður hvað af honum væri orðið eða hann kom niður en það hafa menn fyrir satt að hann hafi að dreka orðið og hafi lagist á gullkistur sínar. Hélt það og lengi síðan að menn sáu dreka fljúga ofan um þeim megin frá Þórisstöðum og Gullfoss er kallaður og yfir fjörðinn í fjall það er stendur yfir bænum í Hlíð.

Atli son hans tók fjárvarðveislu eftir hann og bjó á Þórisstöðum og þokkaðist vel nábúum sínum.

Og lýkur þar þessi sögu.

(Hér er annað niðurlag á sögunni eftir AM 945 4to. Þar er komið að óvinir Þóris hafa búið honum fyrirsát en Öundur nokkur fer til að ginna hann í gildru.)

Þeir komu í Djúpadal og nema staðar á völlum nokkurum framarlega í dalnum. Þar eru þröng og ofurleg gljúfur öðrumegin við vellina. Öundur bað þá bíða þar "en eg mun fara á fund Þóris," segir hann.

Þeir gera nú svo en Öundur ríður á Þórisstaði. Honum er þar vel fagnað og er hann þar um nótt.

Um morguninn eftir býst Þórir að ríða í Djúpadal. Hann bað Atla son sinn með sér fara og fór hann og tveir húskarlar. Ingibjörg kona Þóris spyr hann að hví hann hafi menn með sér.

Þórir mælti: "Vera má að nokkuð beri nú til tíðinda sem þú sérð eigi. Grunar mig um það þó að eg fái ekki að gert."

Síðan reið Þórir af stað og minntist áður við konu sína og bað hana vel lifa. <p>(Öundur leiðir Þóri til fyrirsátursmannanna. Þar tekst mikill bardagi. Þórir fellir marga menn en loks eru höggna af honum báðar hendurnar.)

Þórir hljóp þá að gljúfrunum og sló stúfunum við hellu mikilli svo að hún hrökk til. Þá sáu þeir að kisturnar er Valshellisgull var í voru þar undir. Þórir stakk handarstúfunum sínum í hvorn kistuhring og steyptist fram af í gljúfrin í fljótri svipan og sáu þeir hann eigi framar.

(Loks segir frá afdrifum félaga Þóris og sona.)

Guðmundur bjó á Þórisstöðum til elli og er mart manna frá honum komið. Atli bjó í Gröf og voru þeir bræður mikilmenni. Vöflu-Gunnar bjó á Gunnarsstöðum en Grímur í Múla langa hríð en Þorsteinn Kinnarson á Kinnarstöðum. Þar heita nú Leikvellir er Þórir féll. En um hann veit engi fremur að segja eftir það er hér var sagt.

Þórir hefir verið einn með hraustustu mönnum hér á landi. Sá hann og flest fyrir fram og var vitur maður og engi ofsamaður allt þar til er lund hans spilltist og hefir hann þá galdið þess síðasta drykks sem hann drakk af kálki Ragnars eins og Ragnar fyrir sagði honum og hér var áður sagt.